

Merktu æðarkollurnar í Rifi skipta um hreiðurstæði, Eftir veðri, vindum og hver annarri

*Jón Einar Jónsson, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi
Smári Lúðvíksson, Háarífi 33, Hellissandi

Fuglar skipta stundum um hreiðurstæði milli ára. Margt getur ýtt undir hreiðurskipti, t.d. líkamsástand fuglana, sem er m.a. tengt veðurfari. Endurheimtur merktra æðarkolla í æðarvarpinu í Rifi, Snæfellsnesi, voru greindar í MARK forritinu til að kanna hvort breytileiki í fjölda hreiðra eða veðurfari væru tengd líkum á því að skipta um hreiðurstað 1993-2008. Æðarkollur í Rifi verpa annaðhvort í grasi vaxinni eyju vestan til í varpinu eða á tilbúnum kletti austan megin. Kletturinn er eldra hreiðurstæði og varpið þar er þéttara, en hann stendur lægra yfir vatnsyfirborðinu í tjörninni og er því viðkvæmari fyrir vindi og vatni heldur en graseyjan. Æðarvarpið varð þéttara og þéttara með árunum en þessi þróun var ekki tengd hlýnandi veðurfari. Lífslíkur varpkollna voru $S=0.87$, sýndu ekki breytileika milli ára og voru því hvorki tengdar breytileika í veðurfari né fjölda hreiðra. Líkur á því að skipta um eyju voru hins vegar breytilegar milli ára og virtust tengdar úrkomu að vetri til. Líkur á að skipta um eyju fóru minnkandi eftir því sem kollum fjölgaði í varpinu. Kollur voru tregari til að yfirgefa graseyjuna fyrir klettinn eftir úrkomusama vetur, en þá var vatnsyfirborð í tjörninni yfirleitt fremur hátt. Varpkollum fjölgaði nær stöðugt á athugunartímanum, ólíkt flestum öðrum æðarvörpum á landinu. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að æðarkollur svari umhverfispáttum í vali á hreiðurstæði en haldi fremur tryggð við varpstað þar sem margar aðrar kollur sækja í að verpa.